



FUNDARGERÐ STJÓRNARFUNDAR HJÁ GRÆNNI BYGGÐ 4. ÓKTÓBER 2018

Stjórnarfundur 7

Haldinn í Borgartúni 7b.

Til staðar: Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, Bjarni Þór Þórólfsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Kristján Arinbjarnar, Ólafur H. Wallevik og Gyða Mjöll Ingólfssdóttir.

Það vantaði Olgu Árnadóttur og Ragnar Ómarsson á fundinn, en þau voru búin að boða forföll.

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir frá EN meeting in Amsterdam
2. WGBC Aðild
3. Lógó – kynningarefni og look
4. Kick-off viðburður
5. Fjármögnun – verkaskipting – nýjir aðilar
6. Banka skipti
7. Græn pólitík
8. Verkefni og Viðburðir
9. Annað

- 1) Gyða fór í gegnum það helsta frá European Network meeting for the Green Building Councils 11-12 September. Sjá kynningu Gyðu í viðhengi. Örstutt umræða kom um aðildagjöldin, en það þarf að fara í undirbúning fyrir breytingar á lögum félagsins í tengslum við aðildagjöldin fyrir aðalfund 2019. En mikilvægt er að rokka ekki mikið þeim svona almennt. Mjög flott hvernig Írar gera: 5 reasons to Join- 5 ástæður til þess að verða aðili. Við erum bara nokkuð vel stæð miðað við nokkur önnur GBC.
- 2) Staðfesting á aðild á inngöngu okkar í WGBC var tilkynnt, en það kom póstur frá James Drinkwater 27. September til Gyðu og Þórhildar sem staðfesti þetta. Formleg staðfesting berst innan skamms. „**unanimously supported Iceland's application - agreeing with me that it is a v.strong application**”
- 3) Endalegt lógó var kynnt fyrir stjórninni og allir stjórnarmeðlimir voru sammála um að lógóið kemur mjög vel út í öllum útgáfum og Anna Jónsdóttir hönnuður hefur unnið mjög gott starf fyrir okkur með þetta. Hönnun á öðru efni er í vinnslu, t.d. ppt kynning, póstkortinu okkur og svo layout fyrir word og ppt kynningar.
- 4) Það var ákveðið að halda kick-off viðburinn 1. Nóvember. Möguleg staðsetning var rædd t.d. í HR, Norrænahúsinu eða Hönnunarmiðstöðinni. Þórhildur kynnti mögulega fyrirlesara og það voru þá Hrólfr frá Basalt um Blue Lagoon verkefnið, Páll Líndal, umhverfissálfræðingur, og svo Gyða um mikilvægi WGBC aðild fyrir okkur og Þórhildur myndi tala um verkefni framundan. Rætt var að við ættum að reyna að fá einhverja styrki t.d. fyrir veitingum. T.d. frá Blue Lagoon.
- 5) Rætt var um mögulega nýja aðila og að aðkoma stjórnar sé mikilvæg. Stjórnin tók vel í þetta og margir stjórnarmeðlimir ætla að nýta sín sambönd til þess að nefna/koma að hugmyndinni að það sé sniðugt að vera aðili hjá okkur hjá hinum ýmsu aðilum.



Af hverju eiga verktakar að vera með? „Við erum að vinna að því að einfalda þeim lífið í átt að grænni áherslum“. ON og Orkusalan voru nefndir sem mögulegir nýjir aðilar.

- 6) Þórhildur tilkynnti að það sé brýnt að skipta um banka, og stjórnin skrifaði undir pappíra til þess að færa viðskipti Grænni byggðar frá Kvikú til Íslandsbanka. Einnig skrifaði stjórnin undir pappíra til þess að Þórhildur gæti fengið kredit kort til þess að greiða t.d. WIX, Dropbox og Facebook viðskipti Grænni byggðar. Banka skipti voru samþykkt af stjórninni, en Bjarni og Kristjana komu inn á mikilvægi þess að við séum með góð kjör bæði fyrir innlánsvexti okkar og að þjónustugjöldin séu ekki of há. Samþykkt var einnig að á næsta fundi verði Kristjönu, sem gjaldkera félagsins, gefinn aðgangur að reikningnum.
- 7) Samþykkt var að nýta einn stjórnarfund í mótun á Grænni Pólitík okkar núna í haust. Þórhildur fór yfir nokkra punkta, en þetta þarf að ræða og móta betur í samvinnu við stjórn. Pdf skjal sem Þórhildur er búin að senda út er bakteppið fyrir slíka vinnu.
- 8) Þórhildur kom inn á viðburði og verkefni á döfnni:

Verkefnahugmyndir:

- Orkunotkun – mælingar (Í rannsóknarsjóð Landsvirkjunnar í janúar)
- Leibeningar um umhverfisvænan rekstur húsfélaga (UAR í nóvember)
- Framhald að UBÍÍS verkefninu (UAR í nóvember)
- Heimsmarkmið fyrir hið byggða umhverfi – þýðing á danska bækling ++ (Bíður)
- Fjárhagslegir hvatar – kortleggja á norðurlöndum og í vestur Evrópu (Bíður)
- Ábyrgur byggingariðnaður (í farvegi)

Viðburðir

- Græn steypa – Reynsla Landsvirkjunar – NMÍ býður heim, Ólafur
- Gatnamót fyrir fjölbreyttan ferðamáta - Þórhildur

ÍAV fengu líka það verkefni að huga að „Bjóða heim“ viðburði, þar sem þeir gætu kynnt sína starfsemi/á hugaverð verkefni í gangi. Kristján tók vel í að huga að þessu.

Annað:

HR aðstaða fyrir Grænni byggð hefur verið staðfest.

Artic Circle ráðstefnan verður 18 október.

Kristjana nefndi mjög góða bók sem heitir Abundance eftir Peter H. Diamandis